



Grundarfjarðarbær

Tilkynning um slys hjá starfsmönnum Grundarfjarðarbæjar

1. Tilgangur og gildissvið

Þegar slys verður hjá starfsmanni Grundarfjarðarbæjar sem flokkast sem vinnuslys, er nauðsynlegt að fylgja eftir lögbundnum skyldum sveitarfélagsins. Slíkur ferill tryggir bæði lögvarin réttindi hins slasaða og lögmæta meðferð málsins af hálfu sveitarfélagsins, auk þess að koma í veg fyrir að sveitarfélagið baki sér mögulega skaðabótaábyrgð vegna málsmeðferðarinnar.

Tilgangur þessa verkferils er að tryggja samræmd, skjót og lögmæt viðbrögð við vinnuslysum starfsmanna, ásamt réttri skráningu, tilkynningum og eftirfylgni í samræmi við gildandi lög og reglur.

2. Viðbrögð á slysdegi

Fyrsta skref er ávallt að hlúa að hinum slasaða og tryggja vettvang. Ríkar skyldur hvíla á eigendum fasteigna og mannvirkja að tryggja að aðstæður séu öruggar fyrir umferð almennings og starfsmanna. Ef hætta hefur skapast af fasteignum eða svæðum sem Grundarfjarðarbær ber ábyrgð á skal gera viðeigandi ráðstafanir strax til að varna frekari slysum, en þó ber að varast að spilla sönnunargögnum áður en vettvangur hefur verið myndaður eða rannsakaður, sé þess þörf.

Mikilvægt er að Grundarfjarðarbær tryggi sér sem nákvæmastar upplýsingar um slysið þegar Grundarfjarðarbær er tilkynnt um það, s.s. með myndum af vettvangi, skráningu á nöfnum þeirra sem sáu slysið gerast, hvenær dags slysið gerist auk þess að afla lýsingar frá hinum slasaða eða öðrum vitnum sé þess nokkur kostur. Næsti yfirmaður starfsmanns ber ábyrgð á að þessum gögnum sé aflað og komið til skrifstofustjóra Grundarfjarðarbæjar.

3. Tilkynningarskylda

Rík tilkynningarskylda hvílir á bæði starfsmanni og Grundarfjarðarbæ að tilkynna slysið við fyrsta tækifæri til viðeigandi aðila.

3.1 Ábyrgð starfsmanns

Til þess að vinnuveitandi geti sinnt tilkynningarskyldu sinni verður hann að hafa upplýsingar um slysið og alvarleika þess. Sú skylda hvílir því á starfsmanni að láta yfirmenn sína og samstarfsfólk vita um slys sem á sér stað. Ef um alvarlegt slys er að ræða og starfsmaður er t.d. meðvitundarlaus hvílir þessi skylda einnig á öðrum starfsmönnum sem koma að slysinu.

Slys skal að öllu jöfnu tilkynna til næsta yfirmanns hjá Grundarfjarðarbæ. Næsta yfirmanni ber að

hafa samráð við bæjarskrifstofu, annað hvort skrifstofustjóra eða bæjarstjóra til þess að tryggja að slysið sé tilkynnt til viðeigandi aðila. Skrifstofustjóri sendir inn tilkynningar til þeirra þriggja aðila sem tilkynna ber vinnuslys til sbr. umfjöllun hér að neðan.

3.2 Ábyrgð Grundarfjarðarbæjar

Grundarfjarðarbæ ber að tilkynna slys á eftirfarandi þrjá staði:

Vinnueftirlit Ríkisins

Grundarfjarðarbæ ber að tilkynna um öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í a.m.k. einn dag auk dagsins sem slysið varð til Vinnueftirlits ríkisins. Slys, þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings svo að vettvangsrannsókn geti farið fram. Slysni skulu auk þess tilkynnt Vinnueftirlitinu innan viku í gegnum rafræna gátt¹. Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað umfram það sem nauðsynlegt er vegna björgunaraðgerða áður en vettvangskonun hefur farið fram.

Sjúkratryggingar Íslands

Vinnuslys skal jafnframt tilkynna skriflega til Sjúkratrygginga Íslands þegar það ber að höndum og ætla má að það sé bótaskyld, þó eigi síðar en innan árs frá því að það verður. Grundarfjarðarbæ sem atvinnurekandi ber skylda til að tilkynna tafarlaust um slys sem ætla má að séu bótaskyld samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Slík tilkynning skal vera í gegnum gagnagátt Sjúkratrygginga².

Vátryggingafélag

Vinnuslys skal í þriðja lagi tilkynna til vátryggingarfélags Grundarfjarðarbæjar, eigi síðar en innan árs frá því að Grundarfjarðarbær fékk vitneskju um tjónsatburð. Þrátt fyrir þann frest skal gera það sem fyrst og í tengslum við tilkynningar til annarra aðila.

Í öllum tilvikum þarf sá sem tilkynnir að vera með aðgang að rafrænum skilríkjum Grundarfjarðarbæjar til þess að komast inn í gagnagáttir á Ísland.is og hjá viðkomandi vátryggingafélagi.

Í einhverjum tilvikum byggja upplýsingar um vinnuslys eingöngu á frásögn starfsmanns. Er þá rétt í tilkynningu að tilgreina að um sé að ræða frásögn starfsmanns sem atvinnurekandi hafi ekki getað staðfest. Áður en lýsing á tjónsatburði er send inn er æskilegt að hinn slasaði fái að lesa tilkynninguna yfir til þess að tryggja að atvikum sé rétt lýst. Jafnframt má hafa samband við lögmann sveitarfélagsins til þess að fara yfir tjónstilkynningu.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarráðs 22. apríl 2026 og á fundi bæjarstjórnar 7. maí 2026.

¹ <https://island.is/tilkynning-um-vinnuslys>

² <https://island.is/tilkynning-um-slys-vegna-vinnuslysa-eda-slysa-vid-heimilisstorf>